



Lindin tískuverslun fagnar 50 ára afmæli

Mæðgurnar Bryndís Brynjólfssdóttir, gjarnan kölluð Dísu og Kristín Hafsteinsdóttir hafa í sameiningu rekið tískuverslunina Lindina á Selfossi í 50 ár í dag, 15. febrúar. Fjögurra daga afmælishátíð hefst því í dag, þar sem afslættir, veitingar og gleði koma til með að einkenna fallegu verslunina þeirra að Eyravegi 29 á Selfossi fram á sunnudag. Í tilefni dagsins tókum við þessar glæsilegu mæðgur á tal og fengum að heyra hvernig reksturinn hófst og hvernig hann hefur þróast á þessum 50 árum. Mynd: Dagskráin/BRV



Set ehf. í söluferli

Set ehf. á Selfossi, sem sérhæfir sig í fjölbreyttri starfsemi á lagnasviði, hefur verið sett í söluferli. Set ehf. á sér tæplega hálfrar aldar sögu á Selfossi. Einar Elíasson, stofnandi Sets, stofnaði Steypuiðjuna árið 1968 sem framleiðdi steinsteypt holræsarör fram á níunda áratuginn. Hann stofnaði Set ehf. ásamt fleirum árið 1978 og hóf framleiðslu á einangruðum stálpípum fyrir hitaveitur sem einangruð voru í plastrorum sem Steypuiðjan framleiðdi í upphafi. Umfangs-

mikil og fjölbreytt starfsemi á lagnasviði er nú megin starfsemi Sets ehf. en fyrirtækið hefur um langt skeið verið eitt um framleiðslu á einangruðum rörum og plastrorum hér á landi. Öll framleiðsla fer fram í verksmiðjum Sets á Selfossi og í Þýskalandi en félagið starfrækir einnig vöruhús í Reykjavík og söluskrifstofu í Danmörku. Alls starfa um 110 manns hjá félaginu. Velta samstæðunnar var um 7.500 milljónir á síðasta ári.

Nánar á bls. 4

Seldu 600 kíló af nammi á þremur dögum

Það hefur varla farið fram hjá mörgum að nýr nammibar var settur upp í Krambúðinni á Selfossi í síðustu viku og virðast bæjarbúar hafa tekið ansi vel í endurkomu hins gamalkunna nammibars á Selfossi, sem margir hverjir hurfu smátt og smátt af sjónarsviði Íslendinga þegar sóttvarnaðgerðir voru hertar í kjölfar heimsfaraldurs. Nammibarinn í Krambúðinni var fylltur ýmsu góðgæti á föstudag, en þegar blaðamaður Dagskrárinnar leit við síðdegis á sunnudag, var ansi tómlegt að sjá barinn, enda fóru mótökur Selfyssinga langt fram úr væntingum.



Ljósmynd: Samkaup/Hafðís Elva Hjaltadóttir.

„Við erum hæstánægð með nýja nammibarinn á Selfossi. Það seldust um 600 kg núna

fyrstu helgina, sem fór langt fram úr væntingum. Eftir að við byrjuðum vegferðina að opna

nammibari aftur í Krambúðum landsins hefur komið fjöldi áskorana til okkar frá Selfyssingum um að opna aftur nammibar þar í okkar flötu verslun. Við vorum fljót að bregðast við þessu ákalli og skelltum barnum upp,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannauðssviðs Samkaupa í samtali við Dagskrána.

Eins og einn ísbjörn af nammi

Þess ber að geta að 600 kíló er er ansi mikið magn af sælgaði. Til samanburðar þá vegur stór, karlkyns ísbjörn gjarnan um 600 kíló, flygill um 450 kíló, íslenski

hesturinn á milli 330-380 kíló og kappakstursbílar í Formúlu 1 í ár um 798 kíló. Blaðamanni reiknast þar að auki til að ef meðalpokinn hefur vegið 200 grömm, hafi eitthvað í kringum 3000 pokar af sælgaði ratað heim með kátum viðskiptavinum Krambúðarinnar um helgina.

Gunnur bætir við að það sé góður afsláttur allar helgar, 50% alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga. „Við verðum fljót að fylla barinn aftur eftir helgina og bjóðum auðvitað fólki hjartanlega velkomið að fá gott úrval af nammi hjá okkur í Krambúðinni Selfossi,“ segir Gunnur að lokum.

HGL

Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.

Tilboð eða tímavinna.
Skoðum öll verk.

Endilega hafið samband á
360smidi@360smidi.is
erum á Selfossi.



Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélag Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi, Norðursal, föstudaginn 23. feb. kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST
subkerfi@gmail.com **8467713**

Aðalfundur Hveragerðisdeildar Rauða krossins

Aðalfundur Hveragerðisdeildar Rauða krossins verður haldinn þriðjudaginn 05.03.2024 kl. 20 í Húsnæði Rauða krossins í Hveragerði Mánamörk 1

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur
6. Kosning deildarstjórnar.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2023**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfbóðaliðum með sjálfbóðaliðasamning. Kosningar í allar trúnaðarstöður deildarinnar eru leynilegar sbr. 9.tl. 19.gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

Stjórnin



Hár upplyfting í skammdeginu

Nemendur í Hársnyrtiðni í FSu undir stjórn mentorsins Elínbjargar Örmu Árnadóttur bjóða með reglubundnum hætti starfsfólki og nemendum skólans í hársnyrtingu, hárfvott og höfuðnudd. Óhætt er að segja að þetta lífgi upp á daglegt starf margra og auki fegurð þeirra. Nú var boðið upp á þessa þjónustu – sem jafnframt er kennsla – föstudaginn 9. febrúar.

Nám í hársnyrti iðn hófst við skólann fyrir nokkrum árum og er aðsókn mikil. Nemendur geta lokið fyrstu tveimur námsárunum í FSu sem kallast grunnnám eða eins og segir á heimasíðu skólans „fyrstu fjórum önnunum heildarnáms til hársnyrtis eða 90 einingum.“ Heildarnámið er hins vegar 220 einingar og lýkur á 3. hæfnisprepi sem hægt er að ljúka í Tækniskólanum eða VMA. Að lokinni starfsþjálfun þreyta nemendur sveinspróf sem veitir réttindi til að starfa í iðngreininni og síðar inngöngu í

nám til iðnmeistara í hársnyrtiðni.

Fréttitari FSu fékk Wotsjek – (líklega röng stafsetning) – til að þvo, nudda og snyrta sextugan haus og gerði hann það einstaklega vel. Mikið spjallað um námið og lífið á Íslandi og í Póllandi en Wotsjek kemur til

Íslands aðeins eins árs gamall. Áttum sameiginlegan rauða hár-litinn sem er algerlega horfinn hjá mér. Strákar sækja líka í sig veðrið í þessu námi og eru orðnir jafnmargir stúlkunum. Kærar þakkar fyrir mig : -)

jöz.



Hinsegin í haust

ÍML er mikið lagt upp úr því lað fagna regnboganum með sýnileika og fræðslu. Hinsegin-fánanum er flaggað fyrir utan skólann allt árið um kring og það er orðinn fastur liður að halda hinseginviku á haustönn. Nú síðast unnu nemendur í kynjafræði verkefni um hinseginfræði, stjórn hinseginfélagsins Yggdrasils skipulagði föndurkvöld og bíókvöld og einn daginn voru öll hvött til að mæta í

litríkum fötum.

Einn af hápunktum hinseginvikunnar var fyrirlestur Sveins Sampsted frá Samtökunum '78. Þriðjudaginn 31. október var allt starfsfólk og nemendur ML, auk nemenda og kennara á unglingastigi Bláskógaskóla á Laugarvatni, boðað í matsalinn til að hlýða á frábæran fyrirlestur hans um hinsegin og íþróttir. Nemendur höfðu sótt um #smástyrk fyrir ungt fólk 2023 og við-

burðurinn var því fjármagnaður af Evrópusambandinu.

Í nóvember voru þau Melkorka Álfðís Hjartardóttir, Kári Þór Steindórsson, Hallgrímur Daðason og Íris Dröfn Rafnsdóttir kjörin í nýja stjórn hinseginfélagsins Yggdrasils.

Freyja Rós
Jafnréttisfulltrúi ML
Ljósmyndir: ML



Nýsveinahátíð í höfuðstaðnum

Lárus Gestsson fagstjóri húsnæðisgreina í FSu „skrapp í höfuðstaðinn“ eins og hann orðar það í færslu á samfélagsmiðli til að fylgja eftir nemanda skólans Guðmundi Þór Gíslasyni rafvirkja sem tók þar við verðlaunum. Meistari Guðmundar var Guðjón Guðmundsson frá Árvirkjanum á Selfossi.

Á nýsveinahátíð eru þeir sem lokið hafa sveinsprófi með afburðaárangri heiðraðir ásamt meisturum sínum. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson er verndari hátíðarinnar en Iðn-

aðarmannafélag Reykjavíkur veitir viðurkenninguna en einn tilgangur IMFR er að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu.

Að sögn Lárusar hélt Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra ræðu þar sem hann ítrekaði fullyrðingu sína um að styrkja verknám og sagði „mikla uppbyggingu vera framundan í FSu.“

jöz.



AFMÆLIS HÁTÍÐ

Við fögnum 50 ára afmæli Lindarinnar!

Af því tilefni bjóðum við
glæsileg afmælistilboð frá
fimmtudegi til sunnudags.

Vertu velkomin í afmælisveisluna,
veitingar að hætti hússins.

OPNUNARTÍMAR

Fimmtudag **10-21** Föstudag **10-18**
Laugardag **10-17** Sunnudag **12-17**

STOFNUÐ
15. FEBRÚAR
1974

50%

afmælisafsláttur
af öllum vörum!

AFMÆLIS-
HAPPADRÆTTI
FLOTTIR
VINNINGAR



Afsláttarkóði **Lindin50**
www.tiskuverslun.is



Eyravegi 29, Selfoss - Sími 482 1800
www.tiskuverslun.is



Uppbyggingarsjóður Suðurlands

óskar eftir umsóknum í sjóðinn

Ertu með frábæra hugmynd?



UMSÓKNARFRESTUR
5. mars, kl. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Byggðapróunarfylltrúi á þínu svæði
sinnir hlutverki ráðgjafa fyrir sjóðinn



NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.sass.is/uppbyggingarsjodur



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Set ehf. í söluferli

Set ehf. á Selfossi, sem sérhæfir sig í fjölbreyttri starfsemi á lagnasviði, hefur verið sett í söluferli. Set ehf. á sér tæplega hálfrar aldar sögu á Selfossi. Einar Elíasson, stofnandi Sets, stofnaði Steypuiðjuna árið 1968 sem framleiddi steinsteypt holræsarör fram á níunda áratuginn. Hann stofnaði Set ehf. ásamt fleirum árið 1978 og hóf framleiðslu á einangruðum stálpípum fyrir hitaveitur sem einangruð voru í plaströrum sem Steypuiðjan framleiddi í upphafi. Umfangsmikil og fjölbreytt starfsemi á lagnasviði er nú megin starfsemi Sets ehf. en fyrirtækið hefur um langt skeið verið eitt um framleiðslu á einangruðum rörum og plaströrum hér á landi. Öll framleiðsla fer fram í verksmiðjum Sets á Selfossi og í Þýskalandi en félag-

ið starfrækir einnig vöruhús í Reykjavík og söluskrifstofu í Danmörku. Alls starfa um 110 manns hjá félaginu. Velta samstæðunnar var um 7.500 milljónir á síðasta ári. „Saga Sets ehf. er samofin sögu Selfoss enda hefur félagið ávallt lagt mikið til nærsamfélagsins og mun gera það áfram um ókomna tíð. Fyrirtækið er sagan, starfsfólkið og sú mikla hæfni sem það býr yfir við að leysa fjölbreytt viðfangsefni og það á ekki eftir að breytast,“ segir Bergsteinn Einarsson, forstjóri Sets ehf. „Þetta skref í framþróun félagsins er liður í áframhaldandi uppbyggingu og til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem blasa við. Við höfum aðallega starfað á fjörum vöru-sviðum fyrir hita-, vatns- og fráveitur auk raf- og ljósleiðara-

lagna en framleiðsla og þjónusta við uppbyggingu landeldisstöðva hefur einnig bæst við fjölbreytt viðfangsefni okkar.“ Starfsemi Sets ehf. hefur öðru fremur einkennst af mjög virku samkeppnisumhverfi. Þær aðstæður hafa kallað á árvekni og skjót viðbrögð þar sem áhersla hefur verið lögð á hátt tæknistig, framleiðni og gæði. Mikil þekking og reynsla hefur skapast á sviði framleiðslutækni hjá fyrirtækinu og er Set orðið alþjóðlegt fyrirtæki, þekkt á fjarvarmasviðinu og þátttakandi í orkuskiptum í Evrópu. Viðskiptavinir Sets ehf. eru aðallega veitustofnanir, sveitarfélög, stærstu orku- og fjarskipta-fyrirtæki landsins, verktakar og endursölu- og þjónustuaðilar á byggingasviði.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði ganga til liðs við Samtök iðnaðarins



Árni Sigurjónsson, formaður SI, og Sigurjón R. Rafnsson, formaður SAFL. Ljósmynd: BIG

Samtök fyrirtækja í landbúnaði, SAFL, hafa gengið til liðs við Samtök iðnaðarins, SI, en samkomulag þess efnis hefur verið undirritað í Húsi atvinnulífsins. Með samkomulaginu verða öll félög innan SAFL aðilar að SI og þar með Samtökum atvinnulífsins. Þannig bætast um tuttugu fyrirtæki í hóp 1.700 félagsmanna sem fyrir eru í Samtökum iðnaðarins. SAFL verða áfram fullgild félagasam-

tök með sjálfstæða stjórn, sjálfstæðan fjárhag og starfandi framkvæmdastjóra. SAFL var stofnað í mars 2022 m.a. með það að markmiði að efla ímynd og styrkja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, stuðla að hagkvæmni í greininni og vera í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta hagsmuni og réttindi félagsmanna. „Það er mikið fagnaðarefni að SAFL gangi til liðs við SI. Þetta er svo sannarlega góður liðsauki því innan SAFL eru mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum í íslenskum matvælaíðnaði og landbúnaði. Í sameiningu munum við vinna að því að efla þessar mikilvægu atvinnugreinar enn frekar,“ segir Árni Sigurjónsson, formaður SI. „Það er ánægjulegt að SAFL gangi til liðs við stærstu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi og styrki þannig rödd landbúnaðarins í umræðu og stefnumótun íslensks atvinnulífs í heild. Mörg af helstu hagsmunamálum SAFL eru af sama meidi og SI vinna að í dag. Við hlökkum því til samstarfsins,“ segir Sigurjón R. Rafnsson, formaður SAFL.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Þessi hýsir herra mús, hún í tönn er mesti blús. Lítil, hrörleg íbúð er, og í götu því er ver.

Svar við gátu í blaði 2738: **GREIÐA**
1. Greiða lokka - 2. Greiða reikninga
4. Hárgræiða



Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR



Unnur Ingadóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Takk elsku Anna mín fyrir áskorunina. Þetta er sko áskorun í lagi.

Það er nú erfitt að koma á eftir svona ástríðukokki sem skellir fram dýrindis réttum fram úr erminni með dassi og alltaf mjög góður matur hjá henni. Ég þarf yfirleitt að hafa uppskrift og hvað mikið á að vera af hverju hráefni. Þar sem Anna nefndi mömmumat þá er best að koma með 2 gamlar og góðar uppskriftir sem eru alltaf vinsælar.

Steikt hjörtu

4 meðalstór hjörtu
1 laukur
2 lárviðarlauf
1 tsk. salt
1/8 tsk. pipar
Olía til steikingar
4 - 5 dl vatn

Sósan

4 msk. hveiti
1 dl kalt vatn eða mjólk
sósulitur

Ítalskur kjötréttur

750 g lambakjöt (frampartur)
2 laukar
Olía til steikingar
1 tsk. salt
1/8 tsk. pipar
1/2 dl tómatakraftur
4 dl vatn

Sósan

1 dl vatn
2 msk. hveiti

Kjötið er hreinsað, brúnað á pönnu og látið í pott. Laukurinn er sneiddur og brúnaður, -lagður ofan á kjötið. Vatni og tómatakrafti er hellt yfir. Kjötið er soðið í 30 - 40 mín. eftir stærð bitanna.

Sósan er jöfnuð með hveitijafningi.

Best er að bera fram með kartöflumús.

Hjörtun eru þvegin, þerruð og skorin í 4 - 8 hluta. Brúnuð í vel heitri feiti og látin í pott með vatni og salti. Laukurinn er skorinn smátt, steiktur létt og látinn í pottinn ásamt lárviðarlaufum. Soðið í 30 - 40 mín.

Sósan er jöfnuð með hveitijafningi og krydduð eftir smekk.

Ég ætla að skora á Lilju Dögg Erlingsdóttur að deila með okkur góðri uppskrift í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





Sumarstörf á Suðurlandi

**Pinn árangur
Arion**

Erum við að leita að þér?

Við leitum að metnaðarfullu og jákvæðu fólki til að starfa með okkur í útibúum okkar á Selfossi og Vík í sumar. Við viljum fá til liðs við okkur öfluga einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í krefjandi og skemmtilegu umhverfi.



**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2024.
Nánari upplýsingar á [Arion.is/starf](https://arion.is/starf).**

Aðalfundur

Félags eldri borgara á Selfossi

Aðalfundur félagsins verður haldinn
fimmtudaginn 22. febrúar, 2024,
í Félagsmiðstöðinni Mörk, Austurvegi 51
(gengið inn í Grænumörk 5) og hefst kl. 14.00

Dagskrá fundarins:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

 Stjórn FebSel

Við vinnum fyrir stjórnendur



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

www.stjornandi.is



STF

STYKKUR TENGDU KORTUN

Smiðjudagar í Flúðaskóla

Grunnskólarnir í Uppsveitum, Kerhólsskóli á Borg, Reykholtsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni og Flúðaskóli, standa í sameiningu að hluta þess valgreinanáms sem nemendum á unglingastigi skólanna stendur til boða.

Þrisvar á ári eru haldnir smiðjudagar sem eru tveir langir samliggjandi skóladagar þar sem unglingarnir leggja stund á nám sem tengist áhugasviði hvers og eins. Með því að sameinast um þennan þátt námsins tekst þessum fámennu skólum að bjóða upp á fjölbreyttara úrval valgreina en þeim væri annars mögulegt að gera.

Inn á milli námslotanna er ungmennum gefið rými til þess að blanda geði við aðra krakka og kynnst jafnöldrum úr nágrannaskólunum í gegnum annars konar samskipti en bara þau sem verða til í gegnum samveru í kennslustundum. Félagsmiðstöðvarnar taka jafnframt þátt í verkefnum.

Flúðaskóli gestgjafi í fyrsta sinn

Skólarnir í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð hafa um nokkurra ára skeið átt í samstarfi um smiðjurnar og Flúðaskóli bætist við samstarfið árið 2022. Flúðaskóli tók nú í fyrsta sinn á móti nágrannaskólum sínum á Smiðjudögum þegar unglingar frá Reykholtsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla heimsóttu skólann 1. og 2. febrúar sl. Í Flúðaskóla ganga unglingar úr Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er nemendahópurinn í Flúðaskóla álíka stór og úr hinum skólunum til samans.

Að þessu sinni var boðið upp á smiður í leiklist, dansi, pílu-kasti, tónlist, bakstri, málningu, málsmíði, hestamennsku og körfubolta. Á fimmtudeginum fengu nemendur stuttan fyrirlestur um áhrif orkudrykkja og mikilvægi svefns. Um kvöldið var svo sameiginlegt opið hús félagsmiðstöðvanna af svæðinu. Í tilkynningu frá Flúðaskóla segir forsvarsfólk skólans óhætt að segja að unglingar og starfsfólk hafi átt mjög góðan tíma saman og að smiðjurnar hafi komið afar vel út. Verst hafi fallið í mannskapinn þegar stytta þurfti dagskrána vegna slæmrar veðurspár á föstudeginum.



Inflúensa



Einkenni

- Hiti og svitakóf
- Kuldaþrollur
- Hósti
- Nefrennsli
- Höfuðverkur og beinverkir
- Verkir í öllum líkamanum
- Hálsbólga
- Almenn vanlíðan
- Slappleiki



Hringdu í 112 ef:

- Barn fer að anda hratt eða á erfitt með öndun
- Barnið fer að blána
- Barnið er ekki að drekka nóg, pissar lítið og þvag er mjög dökkt
- Barnið á erfitt með að vakna og eða þú nærð litlu sambandi við það



Hafðu samband við heilbrigðisstofnun ef:



Einkenni vara lengur en 2 vikur



Þú finnur fyrir andþyngslum eða verk fyrir brjósti eða maga



Ef þig svimar eða finnur fyrir sljóleika eða kastar mikið upp



Brjótum smitkeðjuna

Þvóm hendur og verum heima þar til við erum orðin einkennalaus

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn-Fráveita 3. áfangi

Verklok eru 15.10.2024



Verkið felur í sér lagningu vatns- og fráveitu á Laugarvatni. Grafa skal fyrir vatns- og fráveitulögnum og leggja samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Vatnsveitulagnir	100 m
Fráveitulagnir	660 m
Malbik	90 m ²

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 13. febrúar 2024.

Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús hjá eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið magnus.olason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 22. febrúar og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

EIK

Eyrarvegur 42 - Selfossi.



Til leigu, verslunar-þjónustu- og/eða lagerhúsnæði á Eyravegi 42 Selfossi (fyrrum timborgeymsla Húsasmiðjunnar).

Byggingin er hefðbundið stálgrindarhús. Vegg hæð útveggja er 6,5 mtr yfir gólfi á langhlið með 9,5 mtr. hæð uppá mæni. Gólf eru steyp. Möguleiki er að skipta upp húsnæðinu í minni leigubil.

Heildarstærð leigurýmis er 1687,5 útleigufermetrar

- Lengd leigurýmisins er um 75 metrar
- Breidd er mest um 22 minnst um 17,3 m.

➤ **Allar nánari upplýsingar veitir:**

Guðrún Álfheiður Thorarensen, verkefnastjóri viðskiptaþróunar,
gudrun@eik.is, 867-0008

Aðstoðarleikskólastjóri Óskaland



Leitað er að öflugum aðstoðarleikskólastjóra í stækkanandi leikskóla í Hveragerði.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða hæfni í samskiptum og samstarfi, vilja til að þróa leikskólastarf, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Mikilvægt er að viðkomandi sé faglegur leiðtogi, lausnamiðaður, jákvæður og hafi metnað til að byggja upp góðan skólabrag og skapandi leikskólaskólastarf sem er í stöðugri þróun í samvinnu við alla aðila innan skólasamfélagsins.

Leikskólinn Óskaland er sex deilda leikskóli þar sem alls 111 nemendur eru við leik og störf daglega. Starfsfólk leikskólans er 42 og stöðuðgildin 36.

Árið 2024 stendur til að stækka leikskólann um 3 deildir og verður hann því 9 deilda leikskóli árið 2024. Mikilvægt hlutverk aðstoðarleikskólastjóra er að styðja við og móta slíkar breytingar í góðu samstarfi við leikskólastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að vinna náið með leikskólastjóra við mótun faglegs leikskólastarfs í stækkandi skóla
- Að vinna með starfsfólki að því að yta undir skapandi námsumhverfi þar sem vellíðan ríkir og er tryggi að styrkleikar hvers og eins fái notið sín.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og góð leiðtogaþæfni
- Áhugi og reynsla í að leiða og þróa leikskólastarf
- Góðir skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra og skapandi leiða í skólastarfi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Sveigjanleiki og framsýni í hugsun.
- Lausnamiðun í starfi
- Góð hæfni í samskiptum er mjög mikilvæg

Umsókn skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Hveragerðisbæjar. www.hveragerdi.is. Upplýsingar um starfið gefur Elfa Birkisdóttir deildarstjóri fræðslubjónstu í gegnum tölvupóst elfa@hveragerdi.is.

Umókn skal fylgja greinagóð ferilskrá um störf umsækjanda og menntun ásamt reynslu hans sem stjórnanda og þeim verkefnum sem hann hefur unnið að. Umsækjandi þarf einnig að skila greinagerð með hugmyndum sínum um starfið og hvernig hann sér fyrir sér að leikskólastarf þróist í stækkandi skólasamfélagi Óskalands.

Staðan er laus frá 1. maí nk. Möguleiki er þó að byrja fyrr til að njóta leiðsagnar forvera í starfi.

Umsóknarfestur er til og með 23. febrúar 2024.



Hannyrðahornið

Stjörnublik



Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Hönnun:
Alda Sigurðardóttir

Við og létt jakkapeysa og jafnvel kápa ef hún er gerð síð. Þrjónuð með garðapryjóni (slétt prjón fram og til baka) ofan frá og niður, fyrst berustykkið en þar er aukið út í löskum á fjórum stöðum. Síðan eru ermarnar prjónaðar og að lokum bolurinn. Kantur er heklaður í lokin. Þrjónað er með tveimur þráðum af Dolce mohair-garni og í berustykki er að auki þráður af pallíettugarni.

Stærðir: (S) M (L) XL

Áætlað magn af garni: Dolce frá Cewec, dk í hvorum lit: 4 (4) (5) 6 dokkur, Paillette 1 dokka. Langir hringprjónar no 8 og 10. Hekluál no 8 Þrjónafesta 11 l = 10 sm. Nælur til að geyma lykkjur. Þrjónamerki. Tölur, en við eigum mikið úrval af þeim.

Fylgið upplýsingum um lykkjufjölda á hverju stigi í meðfylgjandi töflu. Hafið í huga að sídd á ermum og bol getur þurft að aðlagða vaxtarlagi og smekk og einnig að garðapryjón á það til að teygjast og því óhætt að teygja aðeins á því þegar mælt er.

Fyrsta lykkjan að framan er alltaf tekin fram af prjóninum óprjónuð eins og eigi að prjóna bruggið. Slétt lykkja myndast á kantinum. Fyrsta lykkjan í ermum er alltaf tekin fram af prjóninum óprjónuð eins og eigi að prjóna slétt. Bruggið lykkja myndast á kantinum.

Fitjið upp skv töflu á prjón no 8. Þegar búið er að prjóna eina umferð eftir uppfittið er sett prjónamerki til að vita að umferðir sem byrja þar eru á réttunni. Þrjónið einn garð í viðbót (2 umferðir)

Berustykki

Skiptið yfir á prjón no 10
Þrjónið lykkjufjöldann í boðungi skv töflu og setjið prjónamerki. Endurtakið fyrir ermarnar og bakhlutann og þá á að vera réttur lykkjufjöldi í hinum boðungnum. Þrjónið til baka. Útaukning í löskum er gerð þegar prjónað er á réttunni. Þrjónið þangað til ein lykkja er að merki og prjónið sl 1 undir bandið milli lykkjanna í næstu umf á undan. Þrjónið tvær lykkjur og prjónið aftur sl 1 undir bandið eins og áður. Endurtakið við hin prjónamerkin. Þrjónið til baka. Endurtakið þessa útaukningu skv töflu.

Stærðir	S	M	L	XL
Vidd í sm	106	113	121	127
Ermalengd frá handvegi	32	33	34	35
Sídd á bol frá handvegi	23	25	27	29
Berustykki				
Fitja upp á prj 8	55	58	59	62
Skipta með prjónamerkjum				
Boðungar lykkjur	10	11	11	12
Ermar lykkjur	7	7	7	7
Bak lykkjur	21	22	23	24
Laskar endurteknir	16	17	18	19
Þá eru á prjóninum	183	194	203	214
Lykkjur í hverjum hluta				
Boðungar	26	28	29	31
Ermar	39	41	43	45
Bak	53	56	59	62
Ermar				
Fitja upp í báðum hliðum	3	3	4	4
Lykkjufjöldi í ermi	45	47	51	53
Úrtaka í hliðum sinnum	11	12	13	14
Lykkjufjöldi eftir úrtökur	23	23	25	25
Bolur				
Boðungar + bak	105	112	117	124
Lykkjur í handvegum	6	6	8	8
Samtals lykkjur á bol	117	124	133	140



Fyrir neðan berustykkið er pallíettuþráðurinn ekki prjónaður með.

Ermar

Vinstri ermi: Þrjónið boðunginn að fyrsta prjónamerkinu og slítið frá. Setjið hjálparnælur eftir þörfum. Fitjið upp lykkjur skv töflu, prjónið ermahlutann að næsta prjónamerki og fitjið aftur upp sama lykkjufjölda. Þrjónið til baka og setjið prjónamerki á kantinn í lokin til að vita hvar umferð á réttu byrjar. Þrjónið einn garð og byrjið síðan á úrtöku í fjórðu hverri umferð með því að prjóna saman aðra og þriðju lykkjuna og aðra og þriðju síðustu lykkjurnar í lok umferðarinnar. Þegar búið er að fækka lykkjunum skv töflu er prjónað áfram þar til hæfilegri ermallengd er ná. Fellið laust af. Slítið frá nógu langan enda til að geta saumað ermuna saman. Dragið endann í gegnum lykkjuna.

Hægri ermi: Þrjónið fyrst lykkjurnar sem tilheyra bakhlutanum að næsta prjónamerki og slítið frá. Þrjónið ermuna eins og þá fyrri.

Bolur

Þrjónið fyrst frá hægri erminni og út umferðina. Þrjónið til baka og þegar kemur að handvegum eru prjónaðar jafn margar nýjar lykkjur í þær sem voru fitjaðar upp á ermum. Þrjónið áfram þar til bolur er hæfilega síður og fellið laust af. Ekki slíta frá.

Frágangur

Notið lykkjuna þar sem úrtakan á bolnum endaði til að hekla upp hægri kantinn eina fastalykkju í hverja endalykkju. Þar sem á að hafa tölur er heklud ein loftlykkja og hoppað yfir eina endalykkju. Efst við hálsmálið eru heklaðar 3 fastalykkjur í sama gat og síðan í aðra hverja lykkju að vinstri kanti. Þar eru heklaðar 3 fastalykkjur á hornið og síðan heklað niður eins og hinum megin. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjuna. Saumið saman ermarnar með því að þræða í gegnum kantlykkjurnar sitt á hvað. Teygið aðeins á erminni í leiðinni til að hafa slaka í saumnum. Gangið frá öllum endum. Festið tölur. Þvoið í volgu sápuvatni og vindið í þvottavél. Leggið til þerris.

Vilja byggja 16-20 íbúða fjölbýlishús

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps undirritaði, fyrir hönd sveitarfélagsins viljayfirlýsingu um fjölgun íbúða í Vík síðasta föstudag.

Verkefnið felst í byggingu 16-20 íbúða fjölbýlishúss þar sem Brák leigufélag mun kaupa á bilinu 10-12 íbúðir með stofnframlegum frá ríki og sveitarfélagi.

Yfirlýsingin er undirrituð af fulltrúum Mýrdalshrepps, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og byggingaraðilans SV3 ehf., en ákveðið var að ganga

til samninga við fyrirtækið í kjölfar þess að auglýst var eftir áhugasömum byggingaraðilum í desember sl.

Verkefnið er unnið á grundvelli samnings sem sveitarfélagið og innviðaráðuneytið samþykktu í nóvember 2023 um íbúðauppbyggingu til næstu 10 ára og er í samræmi við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.

Vonir standa til þess að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2024 og að þeim verði lokið um mitt ár 2025.



F.v. Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps, Elmar Erlendsson sviðsstjóri hjá HMS og framkvæmdastjóri Brákar íbúðafélags og Marínó Þórisson framkvæmdastjóri SV3 ehf.

Sveitarfélagið Árborg

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:
„Hreinsistöð, Selfossi - Uppsteypa“

Verk þetta tekur til jarðvinnu og uppsteypu hreinsistöðvar í Árborg samkvæmt skilmálum útboðsgagna. Byggingin er uppsteypt í hólf og gólf á tveimur hæðum, ásamt kjallara. Í þaki byggingarinnar verða forsteyptar einingar. Birt flatarmál byggingarinnar er 550.1 m². Í byggingunni verður skólp-hreinsibúnaður, starfsmannaaðstaða, biofilter og sveifluþró.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar: 3,750 m³
Veggjamót: 2,160 m²
Steyputyrktarstál: 66,200 kg
Steypa: 664 m³
Forsteyptar þakeiningar: 315 m²

Verkinu skal að fullu lokið 15. desember 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef 16. febrúar nk. sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/3cd9fca8-abe7-4dfa-af69-925cca116626>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 miðvikudaginn 6. mars 2024**.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. Gröf og Laxárhlið; Víðihlið 1-15 og Reynihlið 3; Deiliskipulagsbreyting - 2401070

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar 2024 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Grafar og Laxárhliðar á reit M2 sem telst til landnotkunar miðsvæðis innan þéttbýlisins að Flúðum. Breytingin varðar lóðir Víðihliðar 1-15 og Reynihliðar 3. Í breytingunni felst sameining 7 lóða í 2 lóðir. Núverandi landnotkun lóðanna samkvæmt deiliskipulagi gera ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á tveimur hæðum með heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Fjölbýlishúsum á tveimur hæðum, einbýlishúsum á einni hæð og raðhúsi á einni hæð. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að eftir standi heimild fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustuhúsum og 2-3 hæðum. Hús skulu vera með mænispaki í langstefnu húss. Hámarkshæð í mæni er 14m. Mesta veggshæð langveggja er 10m. Breidd húsa getur verið 12-15m og lengd húsa allt að 60m. Skal annað af tveimur húsum alltaf vera inndregið miðað við aðliggjandi hús eða vera snúið um 90°. Þakkvistir, svalir og utanáliggjandi tröppur eru heimilar. Heimild er fyrir tengibyggingum milli húsa fyrir stigagang eða álíka og þar er þakform frjálst. Á hótelinu er gert ráð fyrir 200 herbergjum og 500 gistieiningum.

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um gildistöku eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

2. Úthlið L167514; VÞ15 breytar heimildir; Aðalskipulagsbreyting - 2209074

Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan jarðar Úthliðar tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 5. janúar 2024. Í breytingunni fólst að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins er breytt í affreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild er fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá er afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlið er mikil frístundabyggð og einnig ýmiss konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni var að efla starfsemi og þjónustu í Úthlið.

3. Eyvindartunga L167632; Stækkun Lönguhliðarnámu E19; Aðalskipulagsbreyting - 2103067

Sveitstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem tekur til stækkun Lönguhliðarnámu E19 í landi Eyvindartungu. Í breytingunni fólst að náman stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m³ í 149.500 m³.

4. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjafrétti; Aðalskipulagsbreyting - 2207018

Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem tekur til fjallaskála í Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjafrétti tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 6. febrúar 2024. Um er að ræða breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjafrétti. Flóa- og Skeiðamannaafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem affreyingar- og ferðamannasvæði. Um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur, AF17 Hallarmúli, AF18 Sultarfit, AF19 Skeiðamannafit, AF20 Gljúfurleit, AF21 Bjarnalækjarbotnar, AF22 Tjarnarver og AF23 Setrið. Að auki er bætt við skálum í greinargerð aðalskipulags þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu en heimilt verði að viðhalda núverandi mannvirkjum. Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni var að fjölga gistiplássum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Settur er rammi utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og skilgreindir skilmálar um uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar. Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á uppdrátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is www.fludir.is og www.skeidgnup.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar skipulagsgatt.is/.

Mál 1 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 15. febrúar 2024 með athugasemdafresti til og með 29. mars 2024.

Mál 2 - 4 innan auglýsingar eru tilkynningar um samþykkt og/eða gildistöku aðalskipulagsbreytinga.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar skipulagsgatt.is/.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Lindin tískuverslun 50 ára

„Hlusta á hjartað, það er alveg númer eitt, tvö og þrjú“

Mæðgurnar Bryndís Brynjólfssdóttir, Gjarnan kölluð Dís og Kristín Hafsteinsdóttir hafa í sameiningu rekið tískuverslunina Lindina á Selfossi í 50 ár í dag, 15. febrúar. Fjögurra daga afmælishátíð hefst því í dag, þar sem afslættir, veitingar og gleði koma til með að einkenna fallegu verslunina þeirra að Eyravegi 29 á Selfossi fram á sunnudag. Í tilefni dagsins tókum við þessar glæsilegu mæðgur á tal og fengum að heyra hvernig reksturinn hófst og hvernig hann hefur þróast á þessum 50 árum.

Dís segir að það hafi verið ákvörðun foreldra hennar um að selja Tryggvaskála, sem þau höfðu átt og rekið um árabíl og hún sjálf unnið þar frá barnsaldri, sem hafi ýtt henni af stað. „Þau áttu að afhenda Tryggvaskála fyrsta apríl 1974 og ég fór að huga að því hvað ég vildi gera. Ég hafði alltaf haft ánægju af ferðalögum. Eitt sinn hitti ég hjón sem ráku verslun á Siglufirði og þau sögðu mér frá ferðalögum sínum út um allt til að kaupa inn. Þar með voru þau búin að slá niður smá eldingu í minn huga sem endaði með því að ég ákvað að setja upp verslun. Ég var svo heppin að þekkja Hildipór Loftsson sem leigði mér verslunarhúsnæði. Þegar það var frágengið skrapp ég til Lundúna með eitt götukort í farteskinu. Vinur minn hafði merkt inn á kortið og sagt mér hvaða svæði ég skyldi kanna sem ég gerði og hóf svo rekstur þann 15. febrúar 1974.“

En rekstrarumhverfið hefur töluvert breyst frá því fyrir 50 árum síðan, ekki satt? „Við skulum líta til baka. Árið 1974 bjuggu hér á Selfossi 2800 manns, þannig að það voru ekki margir. En það var líka lítið um sérverslanir og þetta var ögrandi, en ég var alveg tilbúin að leggja í þetta ferðalag, var tilbúin að leggja mikla vinnu á mig. Maður brann fyrir því að koma undir sig fótunum og hafa eitthvað að gera, það var eiginlega ekkert öðruvísi. Ég hafði bara trú á því að Selfoss væri stækkandi bæjarfélag og þannig bara keyrði ég á þetta. Þetta var smátt í sniðum, margar vörutegundir. Barnaföt, herraföt, dömuþing, snyrtivörur, skartgripir en bara pínulítið af hverju, því það voru ekki margir viðskiptavinir,“ segir Dís.

„Heldur betur smart að fá vörur úr Karnabæ á Selfossi“

Aðspurð hvort hún hafi boðið upp á vörur sem voru ekki fáanlegar í Kaupfélaginu segir Dís:

„Það fór náttúrulega svolítið eftir því hverjir voru spurðir. Þetta var mikil nýjung og ég var svo heppin að frændi minn, Guðlaugur Bergmann, rak Karnabæ og hann fór fljótlega að selja mér vörur. Þannig komst ég inn í hans umhverfi og það þótti nú heldur betur smart að geta fengið vörur úr Karnabæ á Selfossi. Það gekk svo vel fyrsta mánuðinn að ég varð að fara aftur út eftir einn mánuð því ég var hér um bil búin að selja upp því þetta þótti glæsileg nýjung hérna.“



Mæðgurnar Kristín Hafsteinsdóttir og Bryndís Brynjólfssdóttir. Ljósmynd: Dagskráin/BRV

Svo viðtökurnar hafa greinilega verið góðar? „Já, ég get ekki neitað því. Það gaf mér mjög mikið hvað fólk tók þessu vel. Ég var mjög varkár, maður átti engan pening þannig ég var mjög varkár í innkaupum fyrst svo lagerinn var ekki stór en hann seldist hér um bil upp,“ segir Dís.

Verðlagseftirlit á þessum árum var mjög strangt. Til Dísu kom maður úr Reykjavík öðru hvoru sem bað um að fá að sjá nótur fyrir hinum og þessum vörum, áður en hann reiknaði út hvort ríkisálagningin væri rétt. „Undir þetta varð maður alltaf að vera undirbúinn því hann gat birst hvenær sem var og ef maður stóð sig ekki með réttan útreikning þá átti maður von á sekt, en sem betur fer lenti ég aldrei í því.“

Svo frjáls verslun var ekki til? „Hún var að vísu til en hún var undir þeirri smásjá að enginn gat leyft sér að leggja neitt aukalega á. Þetta var ríkisálagningin. Á þessum árum þurfti að passa allt saman og auðvitað var það ekki markmiðið að græða of mikið, maður var bara að hugsa um að hafa vinnu. Það náði ekki lengra.“

„Þessi hugsun hefur svo sem alltaf átt við hjá okkur, að vera sanngjarn og hafa verðin samkvæmt álagningu þannig að fólk komi og þyki gott að versla hjá okkur, það hefur verið svona rauði þráðurinn í gegnum allt,“ bætir Kristín við.

Ódýrara að vera erlendis í fimm daga en tvo

Aðspurð um muninn á rekstrarumhverfi

í dag og fyrir fimmtíu árum segir Dís hann mjög mikinn. „Fyrir það fyrsta þá var náttúrulega erfitt með gjaldeyri, það voru engin krítarkort og maður varð að senda allar nótur heim í bankann, maður gat ekkert keypt úti og maður fékk skammt af gjaldeyri með sér. Flugferðirnar voru mjög dýrar og yfirleitt varð maður að dvelja erlendis í fimm daga, en með því að gista erlendis aðfaranótt laugardags varð flugfargjaldið sanngjart. En fyrir bragðið dvaldi ég yfirleitt alltaf fimm daga í Lundúnum í hverri ferð sem var ódýrara en tveggja daga flug og þann tíma nýtti ég til að fara á listasöfn, leikhús, söngleiki, nefndu það. Þetta er talsvert breytt í dag. Maður getur skroppið að morgni og jafnvel komið heim að kvöldi. Þessi aðstaða er náttúrulega gjörólík.“

Danski fatnaðurinn afskaplega vinsæll

En hvernig eru þessir verslunarhættir í dag? „Í dag erum við í viðskiptum við mörg fyrirtæki alls staðar að úr heiminum. Okkar stærstu brigjar koma frá Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Englandi, Hollandi og við erum með fyrirtæki frá Grikklandi. Meirihlutinn kemur frá Danmörku, en danski fatnaðurinn er afskaplega vinsæll. Svo erum við með svona „krydd“ sem við tökum inn, hönnunarfyrirtæki víða að, og höfum verið að sækja í okkur veðrið við að vera með fallegar vörur sem eru sérstakar, ásamt því að vera með fjöldaframleitt. Búðin er ennþá með þessa fyrirmynd, að vera fyrir breiðan aldurshóp, ungar sem eldri kon-

ur. Hér koma stundum þrjár kynslóðir, og okkur þykir voða skemmtilegt að allar geti fengið eitthvað fyrir sig,“ segir Kristín

Sérsmíðuð trékista undir 10 jakka

Dís minnst atviks sem henni þykir alltaf jafn sérstakt og skemmtilegt frá fyrstu ferð hennar til Lundúna. „Í þeirri ferð keypti ég um tíu jakka af manni sem var afskaplega áhugasamur um hvað ég væri að gera. Þegar hann frétti svo að þetta væri mín fyrsta ferð, bauð hann mér í te og vildi ólmur kenna mér svolítið á rekstur. Honum fannst ég koma svo langt að, að þegar hann var að láta pakka jökkunum, lét hann smíða úr mótatimbri stóran trékassa fyrir þessa tíu jakka því þeir voru að fara svo langt. Þegar við maðurinn minn fórum svo að sækja vörurnar í tollinn furðaði hann sig á því hvað í ósköpunum ég hefði verið að kaupa þarna úti sem kæmi heim í stórrí trékistu. Þessi kassi hefur nýst vel, við komum honum fyrir uppi í sumarbústað þar sem hann hefur þjónað okkur í mörg ár,“ segir Dís og hlær.

Til þjónustu reiðubúin

Kristínu er minnststætt atvik sem átti sér stað fyrir um tíu árum síðan. „Vá, ég fékk alveg hjartslátt. Það kemur kona inn og tilkynnir mér að systir hennar sé að fara að gifta sig eftir tvo tíma, að hún eigi að leiða hana inn kirkjugólfíð og þurfi að vera glæsileg. Ég fer að finna út úr þessu og sem betur fer átti ég til einn kjól

frá einu af „krydd“ fyrirtækjunum sem smellpassaði á hana. Kjóllinn var mjög sérstakur að því leyttinu til að hann var handhekladur og algjör glæsikjóll, svo að hún var blessunarlega glæsileg við það að leiða systur sína inn kirkjugólfíð. En það er einmitt þetta, ábyrgð, að vera til staðar í gleði og sorg, alltaf með rétta lagerinn, að geta þjónað. Ég tek því hlutverki mjög alvarlega að vera til þjónustu reiðubúin fyrir íbúa og aðra sem vilja eiga viðskipti við okkur.“

Kristín segir stærstu hindranirnar í upphafi verið gengisfellingar. Síðan fjármálahrundið og Covid þegar öllu var lokað. „Þetta eru svona punktar sem maður mun aldrei gleyma því að það reyndi á hæfni manns að sigla fyrirtæki í gegnum þessi tímabil en það tókst og nú erum við að fara að halda upp á fimmtíu ára afmæli. Dásamlegt,“ segir Kristín og brosir sínu breiðasta.

Samstíga mæðgur

Samstarf mæðgnanna hefur að sögn gengið afskaplega vel í gegnum árin. Kristín var 11 ára þegar mamma hennar opnaði Lindina árið 1974 og þótti það virkilega spennandi tímabil. „Ég man að fyrsta daginn, þegar fyrirtækið var að opna klukkan tíu, var ég sofandi í Tryggvaskála hjá ömmu og afa því mamma og pabbi höfðu verið alla nóttina að vinna og afi vakti mig ekki á réttum tíma. Hann hafði þá komið og ætlað að vekja rósina sína sem svaf þá svo fallega að hann tímdi því ekki. Ég varð, hugsa ég, um klukkutíma of sein. Það var alveg rosalega mikið. Ég held ég hafi aldrei skammað afa minn nema í þetta eina skipti, því ég hafði ætlað að vera mætt um leið og mamma opnaði,“ segir Kristín og hlær.

Dísa tekur undir að samstarfið hafi alltaf gengið vel og segir þær samstíga og þrátt fyrir að þær hafi oft mismunandi skoðanir komist þær alltaf að lendingu, enda með sama markmiði.

„Ég held það hafi gengið ótrúlega vel miðað við hvað mikið er í húfi, það var náttúrulega mikil gæfa fyrir mig þegar Kristín vildi taka við rekstri verslunarinnar 1989, þegar mér var boðið starf útibússtjóra hjá Sjóvá-Almennum tryggingum og ég var ekkert á þeim buxunum að fara að hætta í minni verslun en mér fannst þetta tilboð mjög spennandi, að verða útibússtjóri fyrir stórt tryggingafélag hér í ört vaxandi bæjarfélagi. Kristín hafði þá nýlengi prófi frá Háskóla Íslands sem viðskiptafræðingur og hún var einnig á tímamótum þannig að þetta small allt. Hún ákvað að þiggja þetta, að fara að vinna og taka við versluninni og ég fór í Sjóvá. Frá þeim tíma hef ég náttúrulega verið aftursætisbílstjóri á þessu ferðalagi og þeir geta nú verið ansi leiðinlegir og nöldrandi en hún hefur sýnt mér þá virðingu sem dóttir að þetta hefur aldrei leitt til neinna vandræða, frekar ánægjulegt og mjög ánægjulegt að ferðast með henni í innkaupaferðir og kynnst fólki og við höfum notið þess mjög vel.“

Hjartað vísar veginn

Aðspurð um hvaða ráð Kristín myndi gefa fólki sem er að hefja rekstur stendur ekki á svörum:

„Fylgdu hjarta þínu, hjartað vísar veginn. Ég held þetta sé alltaf þannig að maður þurfi að hafa ástriðu fyrir því sem maður er að gera því það er krefjandi að vera í rekstri, þú þarft að leggja mikið á þig, langir vinnudagar oft og ef þú brennur ekki fyrir því, þá ganga hlutirnir ekki upp. Svo það skiptir máli, maður



Bryndís Brynjólfssdóttir á opunardegi Lindarinnar 1974. Ljósmynd: Aðsend.

nær ekki árangri nema að hafa gaman að hlutunum. Þannig að ég myndi segja að hlusta á hjartað, það er alveg númer eitt, tvö og þrjú. Það kemur líka að því þegar maður þarf að taka erfiðar ákvarðanir, maður fer inn á við og hlustar á hjartað, það hefur alltaf vísað mér veginn.“

„Við stöndum á tímamótum, erum að halda upp á fimmtíu ára afmæli sem eru augljós forréttindi. Framtíðarsýnin er að sjálfsögðu að standa og þjóna viðskiptavinunum eins og við höfum gert hingað til. Við höfum verið að auka mjög mikið við merki og við erum alltaf að endurskoða, taka út og setja ný inn, eftir því sem við finnum það besta á markaðnum. Ég myndi segja að við hefðum alltaf lagt áherslu á að vera með sanngjarnt verð og dásamlegu kúnnarnir okkar koma aftur. Þeir gera það ekki nema maður sé sanngjarn,“ bætir Kristín við.

Væru ekki hér nema fyrir dásamlegt starfsfólk og viðskiptavinum

Kristín og Dísa segjast hafa verið einstaklega lánsamar með starfsfólk í gegnum árin. „Við hefðum aldrei getað þetta nema hafa okkar yndislega starfsfólk sem við höfum verið blessaðar í bak og fyrir með. Maður verður bara meyr við að hugsa um hvað þetta hefur verið gott fólk sem hefur dregist að okkur, bæði starfsfólkið og okkar yndislegu viðskiptavinir, án þeirra værum við ekki hér,“ segir Kristín.

„Við höfum í gegnum tíðina gert

okkar til að taka þátt í uppbyggingu á Selfossi, tekið þátt ef einhverjir eru að safna fé, gefið vinninga og annað slíkt til að styrkja samfélagið. Í hverju bæjarfélagi verður fólk að gera sér grein fyrir því það eru atvinnufyrirtæki sem hjálpa ungmennafélögunum og margs konar starfsemi. Á þessum árum hefur íbúafjöldinn á svæðinu farið úr 2800 upp í 10.000 manns og við höfum reynt að þróa okkur með þessari stækkun. En það eru ekki bara þessi tíu þúsund sem eru hér, þetta eru öll nágrannabæjarfélögin, sumarbústaðabyggðin hér í Grímsnesinu og Tungunum og fleiri til. Þetta fólk sækir allt til okkar og með nýja miðbænum þá fjölga enn ferðamönnum sem koma hingað og við sem rekum fyrirtæki verðum öll að standa saman og mynda þetta fallega og góða bæjarfélag og laða til okkar viðskiptavini, sama í hvaða fyrirtækjarekstri við stöndum, því fyrirtækjarekstur og samfélagið, þetta er bara eitt. Það er ekkert öðruvísi,“ bætir Dísa við.

„Við lifum öll hvort af öðru og þurfum öll á hvort öðru að halda. Hér eru að myndast sterk fyrirtæki við aðalgötuna. Við erum bara ein gata í gegnum þorpið og um hana fer stríður straumur af heima-, sem og ferðafólki. Þetta hefur hjálpað fyrirtækjunum hér mjög að stækka og blómstra á svæðinu og með þetta ört vaxandi byggðafélag allt um kring sé ég ekkert nema bjarta framtíð hér,“ segir Kristín að lokum. HGL



Kristín, Anne Clara, fyrrum starfsmaður Lindarinnar, og Bryndís á sýningu í Kaupmannahöfn árið 2020. Mynd: Aðsend.



Kristín, Bryndís og Bjarki Már, sonur Kristínar, að taka á móti verðlaunum fyrir best jólaskeyttu fyrirtækið í Árborg árið 2017. Kjartan Björnsson bæjarfulltrúi afhendi verðlaunin.



Kristín á 45 ára afmæli Lindarinnar. Mynd: Aðsend.

Fimleikafréttir

Fyrstu helgarnar í febrúar fóru fram 3 fimleikamót á vegum Fimleikasambands Íslands en það voru GK-mótið í hóp fimleikum, GK mótið í stökkfimi og Mótaröð 2. Selfoss átti mörg lið á þessum mótum og mikil fimleikaveisla að baki.

Á GK móti í stökkfimi og í hóp fimleikum átti Fimleikadeild Selfoss alls 10 lið.

5. flokkur samanstendur af 8-9 ára stúlkum sem voru að keppa í fyrsta skipti á móti á vegum Fimleikasambands Íslands. Þær stóðu sig mjög vel og það var mikil leikgleði hjá

þessum efnilegu stúlkum sem fengu allar viðurkenningarskjal eftir mótið.

Í 4. flokki stúlkna sendi Selfoss 4 lið til keppni. Stúlkurnar á eldra ári kepptu í A- og B-deild og sigruðu þau lið bæði sína deild. Stúlkurnar á yngri árinu kepptu í C-deildinni, en þær áttu góða keppni með hreinum æfingum sem skiluðu þeim 4. og 8. sæti í deildinni.

Drengirnir okkar í kk yngri kepptu í stökkfimi og var ánægjulegt að sjá þar 11 lið mætt til keppni í þeim hluta sem samanstóð af liðum í stökkfimi

og hóp fimleikum. Það er frábært að sjá fjölgun í drengjaliðum og fögnum við því. Strákarnir lentu samanlagt í 6. sæti eftir flottan keppnisdag.

Í 3. flokki átti Selfoss tvö lið. Liðin kepptu í A-deild og B-deild og lentu bæði liðin í 4. sæti í sinni deild en liðin eru í miklum framförum og mjög gaman að fylgjast með þeim.

Í 2. flokki átti Selfoss mix lið sem er blanda af drengjum og stúlkum. Því miður voru þau eina mixliðið í deildinni og samkeppnin því lítil en þau létu það ekki á sig fá, lögðu sig öll vel

fram og skiluðu flottum æfingum á gólfi og stökkáhöldunum.

Á mótaröð 2 kepptu 1. flokkur og meistaraflokkur en mótaröðin er gerð í mýkri lendingu en venjan er á mótum og því tækifæri til þess að prufa ný stökk. Einnig mega þar fleiri en 6 taka þátt í hverri umferð sem gerir það að verkum að allir í liðinu geta stökkið í hverri umferð, sem er skemmtileg tilbreyting í eldri flokkum. Meistaraflokkur Selfoss lenti í 3. sæti á mótinu af 12 liðum og 1. flokkur í 7. sæti. Á mótaröð er ekki keppt í aldursflokkum heldur keppa

unglingar við fullorðna sem brýtur keppnina enn meira upp.

Þessar tvær helgar hafa verið mjög skemmtilegar, fullar af leikgleði og fimleikasigrum, framförum og mikilli liðsheild. Við erum mjög stolt af iðkendunum okkar og hlökkum til áframhaldandi verkefna með þeim. Næsta verkefni hjá okkur er Bikarmót í hóp fimleikum hjá eldri flokkunum okkar, sem fer fram í lok febrúar.

Fimleikadeild Selfoss



Bilverk BÍA hóf starfsemi sína þann 13. janúar 1989.

Við fögnum nú 35 ára afmæli og viljum af því tilefni þakka viðskiptavinum okkar og öllum velunnurum fyrir samskiptin í gegnum tíðina.

Bilverk BÍA
1989-2024

Þar sem fagmennirnir vinna!



Cabas Tjónaskoðun

Gagnheiði 3 - 800 Selfoss - Símar: 482 2224 & 899 5424 - bilverkba@simnet.is - www.bilverkba.is



Fimm stjörnu verkstaði

Lægsta boð 50% af kostnaðaráætlun

Í janúarlök voru útboð í slátt og hirðingu í Hveragerðisbæ opnuð á bæjarskrifstofunni í Hveragerði. Fjögur tilboð bárust í verkið og átti Sigurður Natanaelsson lægsta boðið, 18,9 milljónir króna, eða 50% af kostnaðaráætlun sem Efla vann fyrir Hveragerðisbæ og hljóðaði upp á 37,7 milljónir.

Önnur tilboð sem bárust í verkið voru frá Slegið Ehf., 26,3 milljónir króna, Garðlist ehf., Golfklúbbi Hveragerðisbæjar, 36,6 milljónir króna og Garðlist ehf., 41,8 milljónir króna.

Lægsta boðið var því 50% af kostnaðaráætlun verksins.



Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

SLÁTTUR OG HIRÐING Í REYKHOLTI, LAUGARÁSI, BLÁSKÓGABYGGÐ

Verkið felur í sér slátt og hirðingu ásamt áburðar-dreifingu á tilgreindum verkstöðum í Reykholti og Laugarási. Markmiðið er að grassvæði séu ávallt vel hirt og snyrtileg.

Verktímabil er frá 15. maí til 15. september hvert ár sem verksamningurinn nær yfir. Verkið er boðið út til þriggja ára með möguleika á framlengingu til eins árs.

Umhirðustig eru eftirfarandi:

1. stig - svæði slegin 3 sinnum á verktímabili
2. stig - svæði slegin 5 sinnum á verktímabili
- Íþróttavöllur sleginn 22 sinnum á verktímabili

Helstu magntölur eru áætlaðar:

1. stig:	52.000 m ²
2. stig:	21.000 m ²
Íþróttavöllur:	10.000 m ²

Útboðsgögn verða afhent í tölvupósti frá og með 14. febrúar 2024.

Peir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Kristófer Tómasson hjá Bláskógabyggð með tölvupósti á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is og gefa upp nafn, heimilisfang og símanúmer og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfossi fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 7. mars 2024. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila því inn.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsá-forma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Langalda, enduropnun efnistökusvæðis. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir efnistökusvæði við Langöldu. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030.

Reyðarvatn 5 K5. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 á lóðinni Reyðarvatni 5 K5 og tengdum lóðum þar sem núverandi frístundasvæði verði fært aftur til landbúnaðarnota.

Lúnansholt III og IV. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir lóðirnar Lúnansholt III og Lúnansholt IV þar sem núverandi frístundasvæði verði fært til íbúðarbyggðar.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt vinnslutillaga að breytingu á landnotkun:

Háteigur. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar á landnotkun fyrir lóðina Háteigur í Þykkvabæ. Breyting á landnotkun verður úr núverandi landbúnaðarnotum í Verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert verði ráð fyrir gistingu fyrir allt að 25 gesti.

Lýsingarnar og vinnslutillagan liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](#). Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni [www.skipulagsgatt.is](#)

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 29. febrúar nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum

Faxaflatar, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá 26.4.2018 fyrir Faxaflatar, Verslunar- og þjónustusvæði sunnan Suðurlandsvegar. Breytingarnar sem um ræðir eiga að mestu við lóðina Faxaflatar 4, þar sem afmörkun lóðar verður lagfærð og byggingareitur færður og stækkaður, bætt verði við verslunarhúsi, og skilgreindar verði betur byggingarheimildir innan lóðarinnar. Að öðru leyti verði lóðamörk og byggingareitir uppfærðir á svæðinu í samræmi við áður gerðar breytingar á mörkum svæðisins. Að auki verður númering lóða uppfærð til samræmis við gildandi reglugerð um staðföng.

Múlaland, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Múlaland. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sumarhúss á landinu ásamt geymslum og mögulegu gestahúsi. Aðkoma er af Landvegi (nr. 26) framhjá Brúarlundi að frístundahverfinu.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](#). Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni [www.skipulagsgatt.is](#) Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. mars 2024.

Peir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti [birgir@ry.is](#)

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsanir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá liðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur,
heilsuráðgjöf, nudd og
svæðanudd.Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Sunnudagaskóli kl. 11 í umsjá
Sjafnar og leiðtoganna. Kvöld-
messa kl. 20:00 með ástarþema.
Ester organisti og kirkjukórinn
leiða sönginn og séra Ása Björk
prédikar og leiðir guðsþjónust-
una.Þriðjudagssamvera 20. febr-
úar kl. 14. Gestur er Þórdís
Kristjánsdóttir, fv. kennari.Minnum á Stjórnukórsmám-
skeið sem hefst 27. febrúar. Sjá
heimasíðu.

Eyrarbyggjakirkja

Messa með altarisgöngu og
ástarþema kl. 11. Pétur Núi
organisti og kirkjukórinn leiða
tónlistina, Séra Ása Björk pré-
dikar og þjónar fyrir altari.

Villingaholtsskirkja

Messa með altarisgöngu og
ástarþema kl. 14. Guðmundur
organisti og kirkjukórinn leiða
tónlistina, Séra Ása Björk pré-
dikar og þjónar fyrir altari.

Skálholtsdómkirkja

Samvera fjölskyldunnar sunnu-
daginn 18. febrúar kl. 11. Vænt
er þátttöku barna og ungmenna
ásamt foreldrum, öfum og ömm-
um. Stundin er í umsjón Berg-
þóru Ragnarsdóttur, djákna-
kandíats og sr. Axels Á Njarðvík
sóknarprests. Jón Bjarnason
organisti spilar á orgelið. Létta
veitingar pizzasnúða og djús í
lokin.

Mosfellskirkja

Miðvikudaginn 21. febrúar kl. 20
verður föstumessa. Píslarsaga
guðspjallanna lesin og prestur
flytur hugleiðingu. Prestsþjón-
usta sr. Axel Á Njarðvík. Organisti
Jón Bjarnason. Verið hjartanlega
velkominn.Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40BSunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation ava-
ilable. Mánudagar: Bæn og
lestur kl 17. Miðvikudagar: Ungl-
ingasamkomur fyrir 13 ára og
eldri kl. 20. Fimmtudagar: HeiVá
MINI 10-12 ára kl. 14-15. Allir
innilega velkomnir. www.sel-
fossgospel.is

Aðventistar

Safnaðarheimili Aðventista,
Eyrarvegi 67, Selfossi. Laugar-
daginn 17. febrúar. Biblíurann-
sókn kl. 11.00 og guðsþjónusta
kl. 12.00. Eric Guðmundsson
kennir og prédikar. Organisti Ulf-
hildur Grímsdóttir, stjórnandi
Eyrún Ingibjartsdóttir. Allir
hjartanlega velkomnir. Söfnuður
aðventista í Árnessýslu.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
15. febrúar kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fim. 15. febrúar kl. 14:45.
Ættfræðigrúsk

AÐALFUNDUR

Fim. 22. febrúar kl. 14:45.
Aðalfundur FEBSEL
(sjá auglýsingu á bls. 6)Samvinna eftir skilnað
– barnanna vegna

Fjölskyldugerðir hafa aldrei verið fjölbreyttari en í nútíma samfélagi. Áætlað er að um 40% hjónabanda endi með skilnaði og talið er að skilnaður hafi áhrif á um 1.200 börn á ári hérlandis, áhrifin geta verið langvarandi og íþyngjandi fyrir börnin ef ekki er staðið vel að skilnaði. Búið er að þróa gagnreynda námsefnið „Samvinna eftir skilnað“ (SES) til þess að grípa þennan hóp og veita mikilvæga aðstoð í átt að bættri foreldrasamvinnu með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Um er að ræða skilnaðarráðgjöf í formi rafræna námskeiða sem opin eru öllum á heimasíðunni samvinnaeftirskilnað.is. Jafnframt hafa SES ráðgjafar víðs vegar á landinu veitt hópnámskeið og dreift út boðskapnum. Rannsóknir hafa sýnt marktækan mun á líðan þeirra sem taka þátt í verkefnum og þeirra sem ekki gera það. Með því að vinna úr tilfinningalegri togstreitu foreldra og fyrirbyggja ágreining þeirra á milli er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum skilnaðar. Mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki skilnaðurinn í sjálfu sér sem veldur mestum skaða, heldur hvernig er staðið að honum. Velferðarþjónusta Árborgar er umhugað um vel-



ferð fjölskyldna í samfélaginu og vilja SES skilnaðarráðgjafar sveitarfélagsins því bjóða upp á fritt hópnámskeið dagana 5., 7. og 12. mars sem haldið verður í Ráðhúsi Árborgar, þriðju hæð. Vert er að taka fram að efnið nýtist öllum foreldrum sem eiga það sameiginlegt að ala upp börn á tveimur heimilum og er lögskilnaður ekki forsenda þátttöku. Áhugasamir sendið nafn, kennitölu og símanúmer sitt á netfangið fullordinsteymi@arborg.is og SES ráðgjafi Árborgar mun hafa samband við þig.

Bryndís Guðmundsdóttir
Félagsráðgjafi og
SES skilnaðarráðgjafiDAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDSDFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDSViltu vekja athygli
á Suðurlandi?Hafðu samband og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar



Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



Bryndís Eva íþróttamaður ársins hjá Þjótanda

Bryndís Eva Óskarsdóttir í Dalbæ hlaut nafnbótina Íþróttamaður ársins 2023 á verðlaunaafhendingu sem fór fram samhliða aðalfundi Ungmennafélagsins Þjótanda í Flóahreppi. Samtímis var Kolbrún Júlíusdóttir í Kolsholti valin félagi ársins 2023.

Í umsögn stjórnar um val á íþróttamanni ársins segir að Bryndís sé mikill íþróttamaður sem leggi sig alltaf 100% fram í keppni og sé um leið hvetjandi við aðra keppendur og ýti alltaf undir jákvæðan anda bæði á æfingum og mótum. „Bryndís stundaði frjálssar íþróttir af kappi sem unglingur og var ein að aðalkeppendum í liði HSK á árunum eftir 2000. Þá náði hún bestum árangri í grindahlaupum og stökkgreinum. Eftir að nýja frjálssíþróttastaðan komst á laggirnar á Selfossi hefur Bryndís tekið skóna fram á ný og tekur nú þátt í æfingum með „fullorðinsfrjálsum“ á Selfossi. Í febrúar í fyrra keppti Bryndís á Norðurlandameistaramóti öldunga í Laugardalshöll og náði þar frábærum árangri í flokki 35-39 ára. Hún varð Norðurlandameistari í þrístökki, langstökki, hástökki og 60 m grindahlaupi, og náði öðru sæti í kúluvarpi og 60 m hlaupi. Samkvæmt afreka-



Bryndís Eva Óskarsdóttir og Kolbrún Júlíusdóttir við verðlaunaafhendinguna. Ljósmynd: Þjótandi.

skrá Frjálssíþróttasambandsins á Bryndís Eva tvö Íslandsmet í flokki 35-39 ára, í 60 m grindahlaupi, 11,17 sek og í hástökki án atrennu, 1,15 metra.“

„Kolbrún hefur tekið þátt í ungmennafélagsstarfi frá því hún flutti í Flóann fyrir rúmum 40 árum. Eftir að Umf. Þjótandi var stofnað hefur engin breyting orðið þar á og er Kolbrún alltaf boðin og búin að mæta og hjálpa til við hvaðeina sem þörf er á. Undanfarin ár hefur Kolbrún verið lykilstarfsmaður í Kökskreytingakeppni Þjótanda

á Fjöri í Flóa. Þá mætir hún alltaf í skótuveisluna á Þorláksmessu til að aðstoða og á víðavangshlaupið á sumardaginn fyrsta svo eitthvað sé nefnt. Á Unglingalandsmóttinu á Selfossi 2022 stóð Kolbrún vaktina í eldhúsinu í fjölbrautaskólanum og útbjó veitingar fyrir starfsmenn mótsins. Kolbrún er einnig fulltrúi Þjótanda í Starfsíþróttanefnd HSK,“ segir stjórn um val á Félaga ársins. Telur stjórn hana vel að titlinum komna og þakka Kolbrúnu fyrir frábært framlag til félagsins.

Glódís Rún íþróttamaður Ölfuss 2023

Glódís Rún Sigurðardóttir frá Sunnhvoli, hestakona úr Sleipni, var útnefnd íþróttamaður Ölfuss árið 2023 við hátíðlega athöfn í Versölum um liðna helgi.

Glódís Rún er vel að titlinum komin en hún hefur langan og farsælan keppnisferil að baki í barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Hún fagnaði heimsmeistara- og Íslandsmeistaratitli á árinu í flokki ungmenna í fimmgangi á Sölu frá Efri-Brú og var í úrslitum og í efstu sætum á öllum stærstu mótum ársins. Þá hefur Glódís átt fast sæti í U21 landsliðinu frá því hún hafði aldur til og er nú hluti af Landsliðshópi LH. Í tilkynningu frá Ölfusi segir að Glódís Rún sé fyrirmynd innan vallar sem utan og nalgist sín verkefni með jákvæðni og hugarfari afreksknappa.

Aðrir íþróttamenn sem tilnefndir voru í kjörinu fyrir góðan árangur í sínum íþróttum voru þau Atli Rafn Guðbjartsson knattspyrna, Emma Hrönn Hákonardóttir körfuknattleikur,

Freyja Ósk Ásgeirsdóttir golf, Guðbjartur Ægir Ágústsson motocross, Styrmir Snær Þrastarson körfuknattleikur, Tómas Valur Þrastarson körfuknattleikur og Unnur Rós Ármannsdóttir hestaíþróttir.

Við verðlaunaafhendinguna var þeim íþróttamönnum sem léku með landsliðum Íslands á árinu veitt viðurkenning og þeir heiðraðir sem fögnuðu meistaratitlum á árinu.



Glódís Rún Sigurðardóttir. Mynd: Aðsend.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,
Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

BYKO Selfossi
Fæst hjá
BRAC AF VINÁTTU!
Jósera

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bilverk BA
Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is